



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 1/2025 (nr. 109)

Dagsetning: 16.1. 2025 kl. 15:00-17:00

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Hólmsfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Sveinn Margeirsson (SM), Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP) og Laufey Haraldsdóttir (LH) sem ritar fundargerð. Edda Matthíasdóttir framkvæmdastjóri HH sat hluta fundar. Ekki hefur borist tillaga að fulltrúa nemenda í ráðið.

Dagskrá 109. fundar:

1. Dagskrádrög fundar 109
2. Fundargerð fundar nr. 108
3. Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH - Til upplýsinga
4. Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH - Til upplýsinga
5. Starfsreglur HH í tengslum við hlutverk deildarstjóra
6. Fjárhagsáætlun HH 2025 (Edda Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri HH kemur inn á fundinn undir þessum lið)
7. Önnur mál
 - a) styrkir til HH frá Samstarfi háskóla

Afgreiðslur:

1. Dagskrá fundar nr. 1/2025 (109)

Lagt til að færa umfjöllun um fjárhagsáætlun í lið 5 og umfjöllun um hlutverk deildarstjóra í lið 6. Einnig að Edda sitji fundinn undir liðum 1-5. Samþykkt.

2. Fundargerð fundar nr. 7/2024 (108)

- a. Liðir 1 og 2 samþykktir.

3. Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH

Rektor upplýsir háskólaráð um stöðu mála varðandi þríhliða samkomulag um stofnun háskólasamstæðu. Enn er verið að vinna með ákveðin atriði samningsins, svo sem varðandi stjórnskipulag samstæðunnar, fyrirkomulag stjórnslu og stoðþjónustu, áherslur varðandi sérstöðu aðildarháskólanna, stöðu starfsfólks og uppbyggingu innviða beggja aðildarháskóla. Þeim 170 milljónir sem úthlutað var úr samstarfssjóði háskóla fyrir áramót verður úthlutað þegar búið er að skrifa undir samning.



4. Uppbygging framtíðarhúsnæðis á Hólum.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur fjallað um erindi HH varðandi byggingu lagareldishús á Sauðárkróki og heimilaði Framkvæmdasýslu ríkiseigna að fara af stað með áætlanagerð og útboðsferli (1. fasi verksins). Unnið verður í undirbúningi á 2. fasa samhliða því að fyrsti fasi fer í framkvæmd. Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur samþykkt að framlengja vilyrði fyrir lóð út 2025.

Heimild fyrir kaupum HH á Brúnastöðum á Hólum er komin á fjárlög.

5. Fjárhagsáætlun HH 2025.

Unnið skv. reglum um fjárframlög til háskóla nr. 755/2024. Edda kynnir reiknilíkan ríkisins fyrir háskóla, hvernig það líkan er byggt upp og virkar fyrir Háskólann á Hólum. Einnig kynnir tillaga að dreifingu þess fjármagns sem kemur í hlut HH 2025, milli starfseininga háskólans. Eftir umræðu var fjárhagsáætlun samþykkt.

6. Starfsreglur HH í tengslum við hlutverk deildarstjóra. (Edda vikur af fundi á þessum tímapunkti)

Samkvæmt starfsreglum skólans er miðað við að deildarstjórar HH séu skipaðir af rektor á tveggja ára fresti úr röðum fastráðinna akademískra starfsmanna. Þeir bera mikla ábyrgð og hafa vítt starfssvið, skv. starfsreglunum og er ætlað að sinna því í hlutastarfi samhliða sínu akademíska starfi.

Innan háskólans hefur verið umræða um hvort ástæða sé til þess að breyta þessu í starfsreglunum þar sem erfitt hefur reynst að manna deildarstjórastöður hjá einstökum deildum undanfarin ár.

Háskólaráð samþykkir að vísa málinu til framkvæmdaráðs háskólans, sem komi með tillögu að breytingum á starfsreglum þar sem skoðað verði hvaða leiðir eru færar til þess að akademískir starfsmenn HH geti betur sinnt starfi deildarstjóra við háskólann.

7. Önnur mál

a. Styrkir til HH frá Samstarfssjóði háskóla

- i. HH þátttakendur í 4 verkefnum (af 19) sem fengu styrk. Alls upp á 300 miljónir. Þetta eru verkefnin
 1. Háskólasamstæða HH og HÍ .
 2. Nám í lagareldi sem HH leiðir (HH, HÍ, LbhÍ og HA).
 3. Framhaldsnám og rannsóknarinnviðir í lífvísindum (HÍ, HR, LbhÍ, HH og HA).
 4. Alþjóðlegt dýralæknanám (LbhÍ, HÍ, HH).